

Fréttabréf Tónó

Tónlistarskóli Stykkishólms

Febrúar 2012

Stofnár skólans 1964

Tónfundir og Dagur tónlistarskólanna Undirbúningur kominn á fulla ferð



Dagana 13.-20. febrúar verða kennararnir með hefðbundna tónfundi sína (sjá næstu síðu).

Þar fá allir nemendur tækifæri til að koma fram og flytja tónlistina sem verið er að æfa.

Eftir tónfundina verða valin nokkur atriði frá hverjum kennara til að koma fram á úrvalstónleikunum á Degi tónlistarskólanna laugardaginn 25. febrúar. Þá verður framlag okkar á NÓTUNNI 2012 valið.

Dagur tónlistarskólanna 25. febrúar

**Tónleikar í Stykkishólmskirkju
laugardaginn 25. febrúar kl. 14:00.**

Flutt verða úrvals tónlistaratriði og í lok tónleikanna taka áheyrendur þátt í að velja framlag skólans á Nótunni 2012.

Nokkur holrráð til tónlistarnemenda

Gott lesefni – líka fyrir foreldra

Það er staðreynd að þeir sem eru duglegir að æfa sig ná mestum árangri. Best er að hafa reglu á heimavinnunni og nauðsynlegt að aðstaðan heima sé þægileg og aðgengileg.

Hér er listi yfir ýmis tæki sem kosta yfirleitt ekki mikið en gott fyrir nemendur á hin ýmsu hljóðfæri að eiga. Best er auðvitað að kaupa þau í samráði við kennarana:

- **Nótnastatív** – auðveldar nemendum að stilla nóturnar í rétta hæð og vera þannig í réttri líkamsstöðu við æfingarnar.
- **Hljóðfærastatív** – (t.d. fyrir gítara og blásturshljóðfæri). Ef hljóðfærin eru geymd á statívi eru þau alltaf til taks og auðvelt og gaman að grípa til þeirra.
- **Nokkrir aukahlutir fyrir gítarleikara:**
 - Fótskemill (nauðsynlegur t.d. fyrir klassíska gítarleikara) – stillitæki – ól (fyrir rafgítar) – varastrengir – (e.t.v. neglur).
- **Fyrir blásara:** olía (málmblásarar) – aukablöð (klarinet og sax.)



NÓTAN 2012

•••

NÓTAN – uppskeruhátíð tónlistarskólanna verður á sínum stað í mars og að sjálfsgöðu tekur Tónlistarskóli Stykkishólms þátt í henni.

Svæðistónleikarnir verða að þessu sinni á Akranesi laugardaginn 10. mars.

Lokahátíðin verður svo í Eldborg, aðalsal Hörpu, stærsta og glæsilegasta tónlistarhúss landsins, sunnudaginn 18. mars.

Nánar verður hægt að fylgjast með undirbúningi hátíðarinnar á heimasíðunni www.notan.is.

Heimsókn Skagamanna

•••

Skólahljómsveit Akraness kemur í heimsókn sunnudaginn 12. febrúar.

Lúðrasveit Stykkishólms tekur á móti félögum sínum af Skaganum og saman halda sveitirnar tónleika í kirkjunni þann dag kl. 17:00.

**Allir eru hjartanlega
velkomnir á tónleikana.**

Nokkrar dagsetningar á næstunni

Tónfundir í sal skólans

Mánud. 13. feb. kl. 18:00

- Nemendur Hólmgeirs og László's (píanótónleikar)

Priðjud. 14. feb. kl. 18:00

- Nemendur Gunnars (tréblásturshljóðfæri)

Miðvikud. 15. feb. kl. 18:00

- Nemendur Martins og Hólmfríðar (píanó, gítar, málmblásturshljóðfæri o.fl.)

Miðvikud. 15. feb. kl. 20:00

- Nemendur Hólmfríðar (söngdeild)

Mánud. 20. feb. kl. 18:00

- Nemendur Lárusar (gítardeild)

Aðrir viðburðir

Sunnud. 12. feb. kl. 17:00

- Tónleikar Skólahljómsveitar Akraness og Lúðrasveitar Stykkishólms í kirkjunni.

Laugard. 25. febrúar kl. 14:00

Dagur tónlistarskólanna
- Tónleikar í Stykkishólmskirkju

Laugard. 10. mars kl. 13:30

- Svæðistónleikar Nótunnar í Tónlistarskólanum á Akranesi

Sunnud. 18. mars

- Lokahátíð Nótunnar í Hörpu

Miðvikud. 21. mars kl. 20:00

- Kennaratónleikar í Stykkishólmskirkju

Sunnud. 25. mars

- Söngtónleikar Hólmfríðar í Stykkishólmskirkju

Frá lúðrasveitunum

Helgin 16.-17. mars

- Æfingabúðir Stóru Lúðró (e.t.v. á Akranesi)

Laugard. 14. apríl

- Æfingabúðir Litlu Lúðró í tónlistarskólanum

Fimmtud. 26. apríl kl. 19:00

- Vortónleikar - þar sem fram koma báðar lúðrasveitirnar ásamt Víkingasveit og trommusveit
- Skólatónleikar kl. 11:30.

Helgin 27.-29. apríl

- Litla Lúðró á landsmót skólalúðrasveita (SÍSL) á Akureyri.

- **Skólagjöld** vegna vorannar verða send út fljótlega.
- **Viðburðir** á vegum skólans eru jafnan kynntir á heimasíðunni: www.stykkisholmur.is/tonlistarskolinn.
- **Á öskudag** er kennsla í tónlistarskólanum samkvæmt töflu, en þeir sem ætla að taka þátt í göngunni og öskudagsballinu fá að sjálfsögðu frí, óski þeir þess.



Tónlistarskóli Stykkishólms

Skólastíg 11 – 340 Stykkishólmi

Sími 433 8140

Netfang: tonlistarskolinn@stykkisholmur.is

Heimasíða: www.stykkisholmur.is/tonlistarskolinn